

Fundargerð

Aðalfundur Golfklúbbs Mosfellsbæjar var haldinn í Íþróttamiðstöðinni Kletti, Mosfellsbæ, þann 3. desember 2019, kl. 19:30.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins.
3. Áritaðir reikningar kynntir.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.
5. Tillaga um samþykki fjárhagslegrar endurskipulagningar, sem felur meðal annars í sér sölu á neðri hæð Kletts til Mosfellsbæjar*
6. Lagabreytingar.
7. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt.
8. Ákvörðun félagsgjalda.
9. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga.
10. Kosning aganefndar og kjörnefndar.
11. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setti fundinn og gerði þá tillögu að Gunnar Jónatansson, starfandi framkvæmdastjóri, yrði kjörinn fundarstjóri og Tómas Sigurðsson, fundarritari. Það var samþykkt og tóku þeir til starfa.

Fundarstjóri kannað lögmæti fundarins, en til hans var boðað með auglýsingu á heimasíðu félagsins þann og tölvupósti til félagsmanna og á Facebook með tilskildum fyrirvara. Fundarstjóri kannaði hvort nokkur hefði athugasemd við boðun fundarins. Svo var ekki og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan og var þá gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins

Kári Tryggvason flutti skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins, sem er hægt að lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins.

3. Áritaðir reikningar kynntir

Auður Ósk Þórisdóttir, gjaldkeri félagsins kynnti ársreikning Golfklúbbs Mosfellsbæjar fyrir rekstrarárið 1. október 2018 til 30. september 2019. Auður byrjaði á því að vekja athygli á áritun uppgjörsaðila og kjörinna skoðunarmanna um ársreikninginn.

Þvínæst gerði Auður grein fyrir skýrslu stjórnar eins og hún er sett fram í ársreikningi. Fram kom að afkoma rekstrarársins 2018-2019 hafi verið neikvæð um 54 milljónir króna. Eignir í árslok námu 880 milljónum króna og bókfært eigið fé félagsins í lok rekstrarársins nam 412 m.kr. Skýrði hún frá þríhliða samkomulagi milli GM, Mosfellsbæjar og Landsbanka Íslands um fjárhagslega

endurskipulagningu klúbbsins, sem gerir klúbbum kleift að rísa upp úr þeim fjárhagserfiðleikum sem hvílt haf á klúbbum. Samkomulagið felur í sér kaup Mosfellsbæjar á neðri hæð íþróttamiðstöðvarinnar þar sem söluverðið, kr. 115 m.kr., verður nýtt til að greiða niður skuldir klúbbsins og hluti lána bankans til klúbbsins verður fyrstur til 6 ára með mögulegri framlengingu um 3 ár og vextir þeirra lána sem eftir standa lækkaðir. Samkomulagið er háð því að aðrir kröfuhafar gefi eftir hluta af kröfum sínum.

Auður fór yfir rekstrarreikning félagsins og gerði grein fyrir sundurliðun á öðrum tekjum, sem eru einkum tekjur af veitingasölu, sem og vörunotkun. Launakostnaður hækkaði verulega milli ára, úr 148 í 219 m. kr. sem er helsta ástæðan fyrir rekstrartapi klúbbsins á árinu, sem var ástæða þess að stjórn greip til sársaukafullra aðgerða síðsumars sem fólu meðal annars í sér uppsagnir starfsfólks. Þá var gripið til þess að leigja út veitingarekstur.

Auður gerði grein fyrir breyttu verklagi á innheimtu félagsgjalda, sem felur í sér að félagsgjöld verða ekki færð til tekna fyrr en við greiðslu svo búast má við að afskriftir félagsgjalda verði, sem námu 8,4 m.kr. á árinu verði óverulegar í framhaldi.

Þá gerði Auður grein fyrir helstu liðum í efnahagsreikningi félagsins. Fram kom að rekstrarfjármunir eru bókfærðir á 854,7 m. kr. og veltufjármunir bókfærðir á 55,7 m.kr. Heildareignir félagsins námu 888,4 m kr. Eigið fé félagsins í lok tímabils nam 412,2 m. kr. Langtímaskuldir námu 267,7 m.kr. Skammtímaskuldir félagsins námu 200,5 m. kr., þar af skuldir við lánastofnanir 76,4 m.kr. Viðskiptaskuldir við starfsfólk, verktaka og aðra hækkuðu verulega milli ára og námu 115 m. kr.

Að lokum skýrði Auður helstu hreyfingar í sjóðstreymi félagsins.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Spurt var um forsendur söluverðs neðri hæðar og svaraði gjaldkeri þannig að neðri hæðin sé ófrágengin og muni Mosfellsbær . Hver verður leiga á neðri hæð – leigan verður innheimt í formi styrkja til klúbbsins, líkt og með önnur íþróttamannvirki í bænum. Fram kom að sóst hafi verið eftir því að bærinn keypti öll mannvirkin að Kletti, en niðurstaðan hafi orðið sú, að neðri hæðin væri seld bænum.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir vakti athygli á þætti Kára Tryggvasonar, Steinþórs Pálssonar og Auðar Óskar Þórisdóttur sem báru hitann og þungann af samningum við bæinn og bankann.

Vakin var athygli á því að á Akranesi hafi bæjarfélagið byggt hús fyrir klúbbinn og afhent honum til rekstrar.

Að umræðum loknum voru reikningar félagsins samþykktir samhljóða.

5. Lagabreytingar

Engar tillögur voru lagðar fram til breytinga á lögum félagsins.

6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt

Steinþór Pálsson, stjórnarmaður kynnti rekstraráætlun 2019-2020, sem gerir ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 215,2 m. kr. og rekstargjöld fyrir fjármagnsliði nemi 198 m. kr. fjármagnsgjöld verði 22 m. kr. og framlög frá Mosfellsbæ nemi 22,5 m. kr., sem leiði til hagnaðar um 17,8 m. kr.

Steinþór gerði þvínæst grein fyrir sjóðstreymisáætlun, sem gerði m.a. grein fyrir áhrifum endurfjármögnunar klúbbsins og fjárfestingahreyfinga. Gerir r gerir ráð fyrir hækkun handbærs fjár um 21,3 m. kr. og að handbært fé í lok rekstrarársins verði 28,4 m. kr.

Enginn annar tók til máls um rekstraráætlun komandi starfsárs.

7. Tillaga um samþykki fjárhagslegrar endurskipulagningar

Stjórn félagsins hefur unnið að endurfjármögnun klúbbsins á umliðnu ári í samvinnu við Mosfellsbæ og Landsbankann. Niðurstaða þeirra vinnu er einkum tvíþætt; í fyrsta lagi skuldbreytingar á núverandi lánum og hins vegar sala á neðri hæð íþróttamiðstöðvarinnar Kletts.

Gunnar Jónatansson gerði grein fyrir höfuðþáttum samningsdraga um fjárhagslega endurskipulagningu, sem meðal annars fela það í sér að Mosfellsbær kaupi neðri hæð Kletts á 115 m. kr. og að unnið verði að fjárhagslegri endurskipulagningu í samræmi við samkomulag Golfklúbbsin Mosfellsbæjar, Mosfellsbæjar og Landsbankans frá 22. nóvember 2019.

Enginn tók til máls um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun félagsgjalda

Tryggvi Kárason, formaður kynnti tillögu að félagsgjöldum félagsins:

Félagsaðild með fullri leikheimild	119.900 kr.
Félagsaðild með hálfri leikheimild	84.900 kr.
67 ára og eldri (Full leikheimild)	89.900 kr.
67 ára og eldri (Hálf leikheimild)	64.900 kr.
Ungmennni 12 ára og yngri	21.900 kr.
Ungmennni 13 - 18 ára	27.900 kr.
Ungmennni 19 - 26 ára	59.900 kr.

Æfingaboltar á æfingasvæði verða félagsmönnum til reiðu, innifaldir í félagsgjöldum.

Enginn tók til máls um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

9. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna

Í framboði til stjórnar voru:

Formaður: Kári Tryggvason

Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Auður Ósk Þórisdóttir

Írunn Ketilsdóttir

Guðjón Karl Þórisson

Steinþór Pálsson

Siggeir Kolbeinsson

Varamenn:

Einar Már Hjartarson

Nína Björk Geirsdóttir

Ásbjörn Björgvinsson

Margrét Óskarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Elín Rósa Guðmundsdóttir

Sigurður Geirsson

Tillagan var samþykkt.

10. Kosning aganefndar og kjörnefndar

Í framboði voru:

Sigurður Geirsson

Þórarinn Egill Þórarinsson

Elín Rósa Guðmundsdóttir

Varamaður: Guðrún Leósdóttir

Varamaður: Þuríður Pétursdóttir

Tillagan var samþykkt.

Kjörnefnd var kjörin óbreytt, en hún er þannig skipuð:

Guðrún Leósdóttir

Eiríkur Jónsson

Steindór Ingi Hall

11. Önnur mál

Kári Tryggvason þakkaði fyrir traustið til stjórnar og bauð Ágúst Jensson, nýráðinn framkvæmdastjóra velkominn til starfa. Ágúst tók því næst til máls og kynnti sig og hlakkaði til ..

Ragnheiður Ríkharðsdóttir tók svo til máls og gerði enn grein fyrir ástæðu þess að hún gæfi kost á sér í stjórn golfklúbbs. Golf er ekki íþrótt fyrir upplitsdjarfa, hentar fremur niðurlútum . Enginn á viðlíka umhverfi útsýni og GolfMos. Félagsmenn eiga að vera montnir af svæðinu sínu. Auglýsti hún þá eftir tillögum um nafn yfir félagsmenn GM, GRingar eru handan árinna og Leynismenn handan fjarðarins. Sambærilegt nafn vantar á félagsmenn GM – sem hún auglýsti eftir.

Fundarstjóri, Gunnar Jónatansson, þakkað að lokum fyrir samstarfið við stjórn og félagsmenn og sleit fundi kl. 20:33.

Gunnar Jónatansson
fundarstjóri

Tómas Sigurðsson
fundarritari